

Kröfur móta í hópfimleikum 2021-2022

Keppnisfyrirkomulag

Breytingar hafa verið gerðar á reglum og undanþágum. Þjálfarar og félög eru því beðin um að kynna sér móta- og keppnisfyrirkomulagið vel, auk keppnisreglna í hópfimleikum.

Kept verður eftir Code of Points, útgáfu 2017, revision june 2019, með íslenskum undanþágum í yngri flokkum allt keppnistímabilið. Eftir áramót verður keppt eftir nýjum reglum Code of Points í meistaraflokki og 1. flokki.

Mótafyrirkomulag

Mót	Mfl.	1.fl.	2.fl.	3.fl.	4.fl.	5.fl.	Kke	Kky
Haustmót 1	x	x	x				x	
Haustmót 2				x	x			x
Mótaröð 1*	x	x						
GK mót	x	x						
Bikarmót	x	x	x				x	
Bikarmót unglunga				x	x	x		x
Mótaröð 2*	x	x						
Íslandsmót 1	x	x						
Vormót					x	x		x
Íslandsmót 2			x	x			x	

*Á mótaröð verður keppt eftir annarskonar reglum en á hefðbundnum hópfimleikamótum. Keppendur þurfa ekki að taka þátt í gólfæfingum til að keppa á stökkáhöldum. Einni verður leyfilegt að skrá fleiri keppendur í lið en hefðbundið er. Keppni fer fram í semi landingar (yfirdýna í gryfju). Sérstakar reglur verða útbúnar fyrir þessa keppni

Aldursflokkar

Eftirfarandi aldersflokkar gilda fyrir keppnistímabilið 2021-2022.

Flokkur	Aldursflokkur
Meistaraflokkur	2004 og eldri
1. flokkur	2005 – 2009
2. flokkur	2007 – 2008
3. flokkur	2009 – 2010
4. flokkur	2011 – 2012
5. flokkur	2013
KK yngri	2010 – 2013
KK eldri	2007 – 2010

Verðlaun

Veittar eru medalíur fyrir samanlögð stig á öllum mótum.

Verðlaun eru veitt skv þessu fyrirkomulagi:

- 1 – 4 lið skráð – Verðlaun veitt fyrir 1. sæti
- 5 – 9 lið skráð – Verðlaun veitt fyrir 1. – 3. sæti
- 10 lið + skráð – Verðlaun veitt fyrir 1. – 5. sæti

Á haustmóti 1 og 2 eru veitt verðlaun fyrir 1. – 5. sæti í hverjum flokki, séu lið fleiri en 10, eftir að úrslit eru ljós er raðað í deildir fyrir næstu mót.

Á Íslands - og Bikarmóti eru veittir bikarar fyrir samanlagðan árangur í öllum kynjaflokkum.

Í meistaraflokki eru krýndir Íslandsmeistarar á einstökum áhöldum.

Einungis lið sem keppa á öllum áhöldum geta unnið til verðlauna í samanlögðum stigum.

NM junior

GK mót og Bikarmót eru úrtökumót fyrir NM unglinga.

Liðin þurfa að vera lögleg lið skipuð keppendum í unglinga flokki á úrtökumótunum til að eiga möguleika á að vinna sér þátttökurétt. Liðin fá 7 stig fyrir sigur, 5 stig fyrir annað sæti, 4 stig fyrir þriðja sæti og 3 stig fyrir fjórða sæti. Ef lið eru jöfn að stigum eftir mótin telja fleiri sigrar á áhöldum á milli liðanna og því næst samanlögð stig allra móta. Keppt til verðlauna í fjölþraut.

Hámarksfjöldi þjálfara á mótum

Heimilt er að hafa 3 þjálfara á keppnissvæði í öllum flokkum með hverju liði. Allir þjálfarar þurfa að vera skráðir í leyfiskerfi FSÍ og geta sýnt fram á gilt og viðeigandi þjálfaraskírteini á mótssstað.

Leyfi fyrir þreföldum heljarstökkum

Skv. reglum UEG eru þreföld heljarstökk ekki leyfileg án skriflegs leyfis frá fimleikasambandi hvers lands. Á mótum vetrarins verða gerðar kröfur um skrifleg leyfi frá FSÍ fyrir þreföldum heljarstökkum, hvort sem er á dýnu, trampólíni eða hesti.

Skylda er að sækja um þetta leyfi með sérstöku leyfisbréfi frá FSÍ, en reglur um leyfið má finna á heimasíðu fimleikasambandsins.

Kröfur um keppnisnúmer

Ef keppendur í meistaraflokki og 1. flokki (A og B deildir) eru ekki með keppnisnúmer á keppnisbúningum sínum í keppni, kemur til yfirdómarafrádráttar fyrir að vera ekki í fatnaði samkvæmt reglum.

Reglur um keppnisnúmer á Íslandi má finna á heimasíðu fimleikasambandsins.

Tækninefnd í hópfimleikum (THF)